

Stofnun Árna Magnússonar
í íslenskum fræðum



Kristín Bjarnadóttir

Að bestu manna yfirsýn:

Hvernig er ákveðið

hvað er rétt mál og og hvað er rangt?

Málstofan *Að dæma um mál og fordæma*

Hugvísindaping 6. mars 2010

kristinb@hi.is



Efnið:

- Beygingardæmi í málfræðibókum eru eins fá og einföld og hægt er til þess að gefa yfirlit yfir beygingakerfið
- Orðin eru valin til þess að gefa skýra mynd af einstökum beygingarflokkum
- Orðaforðinn í beygingardæmunum er bundinn við góð íslensk orð
- Beygingakerfið er í raun mun flóknara en fram kemur í málfræðibókum
- Reglur úr málfræðibókum eru láttnar ná yfir mun meira efni en þeim var ætlað þegar þær voru settar fram
- Er alhæft út frá reglunum til að ákvarða hvað er rétt og rangt?

Stofnun Árna Magnússonar
í íslenskum fræðum



Fyrirspurnir hjá SÁ: Rétt mál eða rangt?

Stafsetning: Eitt orð og tvö, -nn o.fl.

Beyging: Afbrigði, mannanöfn, fyrirtækjaheiti

Eintala, fleirtala

Orðmyndun, samsett orð: *rannsókn(r)stofa*, *athyglisverður*

Setningargerð: fallstjórn, forsetningar, sagnasambönd, orðasambönd, orðalag, viðtengingarháttur

Merking, þýðingar

Uppruni, aldur, orðsifjar, heimildir, dæmi úr tilteknum heimildum

Krafan um úrskurð um rétt mál og rangt er rík í hugum fólks.

Svarið á helst að vera ótvírætt.



Dæmi um fyrirspurn: ey, eyja, sóley, Sóley

Án greinis:

nf.et.	ey	eyja	sóley	Sóley
þf.et.	ey	eyju	sóley	Sóleyju
þgf.et.	ey/eyju	eyju	sóley	Sóleyju
ef.et.	eyjar	eyju	sóleyjar	Sóleyjar

Með greini:

nf.et.	eyin	eyjan	sóleyin (35)	/sóleyjan (79)
þf.et.	eyna	eyjuna	sóleyna (20)	/sóleyjuna (34)
þgf.et.	eynni	eyjunni	sóleynni (6)	/sóleyjunni (25)
ef.et.	eyjarinnar	eyjunnar	sóleyjarinnar (21)	/sóleyjunnar (3)

sóleyja: ekki uppflettiorð í *Íslenskri orðabók*, *Stafsetningarorðabók*, *BÍN*



Dæmi um blandað beygingardæmi

sannleikur	18.118	sannleiki	1.446
sannleik	12.800	sannleika	26.390
sannleik	---	sannleika	---
sannleiks	3.400	sannleika	---
sannleikurinn	37.176	sannleikinn	83*
sannleikinn	83*	sannleikann	22.774
sannleiknum	27	sannleikanum	12.049
sannleiksins	25	sannleikans	7.827

Dæmi af **timarit.is**, frá fyrir 1840 til 2009.



Beygingarkerfi og beygingarlýsing

Málfræðibækur: Yfirlit yfir beygingarkerfið

Skipt í beygingarflokka eftir kenniföllum eða -myndum

Fáir beygingarflokkar, fá dæmi

Stefnt er að **algildum reglum**

(ofansækið/„top-down“)

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls (BÍN):

Lýsing á beygingu einstakra orða

Skipt í beygingarflokka eftir öllum beygingarmyndum
og afbrigðum innan beygingardæmis

U.þ.b. 270.000 beygingardæmi, 550 beygingarflokkar

(neðansækið/„bottom-up“)



Beygingardæmi sterkra hvorugkynsorða í málfræðibókum

- VG 1922:** borð land kyn **tré** hreiður meðal klæði ríki (8)
- BG 1939:** blóm ber **tré** hreiður folald kvæði (6)
- HH 1950:** land sumar bú högg fræ frjó ber kvæði ríki (9)
- ER 1986:** land kvæði **tré** hérað (4)
- ÁS 1993:** borð barn egg hlé **bíó** hreiður sumar meðal hundrað
kaffi (10) (-i getur fallið brott, skv. hljóðkerfisreglu)
- JGF 1984:** bréf land dæmi **tré** hlé **fé** nes ríki bül hreiður
hundrað meðal (12)
- GKv 2005:** borð land kyn **tré** hreiður meðal klæði ríki hlé spé vé
höfuð (forað, hérað) (12+2)

Þágufallsending er –i. Undantekningar eru merktar með **bláu**.
Athugið að hér eru engin tökuorð nema hjá Ástu.



Valtýr Guðmundsson. 1922. *Íslandsk grammatik.*

§ 155. Intetkønsordene danner kun én Klasse, idet de alle har -s i G. Sg. og er uden Endelse í N. Pl. Men da deres Bøjning iøvrigt kan være ret forskellig, maa der opstilles ikke mindre end 8 Bøjningsmønstre. (bls. 70)

Eina mynstrið án þágufalls-i er **tré**:

§ 159. Som **trje** bøjes kun tre Ord,... nemlig: *fje...*, *hlje...*, *hnje (knje) ...*
(bls. 72)

Beygingardæmi VG: *borð land kyn tré*

hreiður meðal klæði ríki

Alls 258 orð ...



Sýnishorn af tökuorðum úr Ritmálsskrá, fyrir daga Rasks

atlas	flauel	kapellaníum	jasmín	engifer	tenór	spínat
damask	kurél	ópíum	galapín	kammer	kompás	kalkspat
parruk	mortél	túrban	griffón	karakter	paradís	karat
hospítal	kvartil	fílagran	patrón	kvarter	kandís	kvaðrat
-módel	metall	soldán	salún	púlver	anís	trompet
orgel	panell	kapellán	álún	safír	kamers	basalt
flygel	krókódíll	examen	kapún	pappír	prósess	íbenholt
flýgel	prótókoll	kúmen	harpún	vesír	bambus	stúdent
fenikel	konsúll	vesen	indígó	prófessor	kaktus	pergament
skammel	vitriól	rósmarin	rísíkó	assessor	plakat	testament
kanel*	balsam	rúbín	fíaskó	prókúrátor	súkkat	koffort
flannel	system	nankín	bravó	faktor	múskat	harpix
flónel	stúdíum	fíólín	síróp	rektor	salat	...
flúnel	evangelíum	postulín	dollar	doktor	skarlat	



Meginskipting sterkra hvorugkynsnafnorða í BÍN

Þgf./ef.et.

-i -s *blóð blý gler; höfuð hérað forað sumar hundrað hafald megin;
langloft illagil Fremra-Höfuð*

-i -0 *hlass*

-0 -r *fé*

-0 -s *hné; talent evangelíum*

-0 -0 *bridds; Gíbraltar*

-0 -0/-s *Mexíkó*

-0 -s/-0 *Ísrael*

-0/-i -s *bíó*

-i/-0 -s *glúten*

-0* -s *belti greni; altari súkkulaði einvígi; mjóaseiði, þ.e. stofngerðin Xi.*

Afgangur: *bogr; söl kjör (ft)*

**Tökuorð,
(nánast) öll fleirkvæð.
Landaheiti.**



Sterk hvorugkynsnafnorð: Algilt þágufalls-i eða hverfult?

1. **-i** er (sennilega) **algild** þágufallsending í **einkvæðum og viðskeyttum íslenskum (erfða)orðum**. Undantekningar eru **tré, fé, hné/kné**, sbr. málfræðibækur.
2. **-i** er **hverful** þágufallsending í **fleirkvæðum tökuorðum** sem heild.
A. Stofngerð getur ráðið þágufallsendingu í tökuorðum: **statíf** (-i), **baríum** (-0). Þetta þarfnast frekari rannsókna.
B. -i er **hverful** þágufallsending í fjölmörgum tökuorðum; þau hafa **tvö afbrigði** í þágufalli. Skoða þarf merkingarmun og merkingarsvið orðanna: **engifer, saffran, vitríól, bíó ...**
3. **-0** er (sennilega) **algild** þágufallsending í **erlendum landaheitum** o.fl.: **Íran, Mexíkó, Ísrael ...; indígó...**



Eignarfall fleirtölu af veikum kvenkynsnafnorðum í BÍN

Í BÍN er reynt að raða afbrigðum og því eru flokkarnir fjórir. Orðin eru flokkuð eftir samhljóðum í bakstöðu og síðan er leitað að dæmum eftir föngum.

	I.	II.	III.	
kvk_vb_X.a.-u-ur.-a	2.166	12.898	15.064	<i>bára, persóna, stofa, tölva</i>
kvk_vb_X.a.-u-ur.-na	256	4.934	5.190	<i>bunga, fluga, gata, stúlka</i>
kvk_vb_X.a.-u-ur.-a-na	467	2.885	3.352	<i>alda, beygla, kápa, perla</i>
kvk_vb_X.a.-u-ur.-na-a	426	4.206	4.632	<i>agúrka, bjalla, hrúga, leiga</i>
Alls:	3.315	24.923	28.238	

Skýring: I. Grunnorð, II. Samsett orð, III. Heildarorðafjöldi

Eintöluorð skekkja myndina dálítið þar sem þau dreifast ekki jafnt á flokkana.



Orð af stofngerðinni Vfa og beygingarflokkar í BÍN

- a** býfa, drífa, glufa, grafa, grúfa, gufa, gúfa, gæfa, hnúfa, hraufa, hrufa, hrúfa, hæfa, keifa, keyfa, kveifa, ljúfa, lúfa, nafa, núfa, ofa, pífa, prufa, ráfa, skafa, slefa, **stofa**, strífa, stúfa, stýfa, tífa, tofa, tufa, týfa, vífa
- na** dúfa, gáfa, þúfa (algeng orð)
- a/-na** drúfa, dýfa, fífa, hrífa, húfa, kofa, láfa, rífa, skófa, skrofa, skræfa, skæfa, slaufa, tófa, tæfa, veifa, vofa, þæfa
- na/-a** geyfa, krafa, rófa, skeifa, skrúfa

Röð á afbrigðum er gerð eftir bestu vitund
en hlýtur alltaf að vera mikið álitamál.



Veik kvenkynsnafnorð: -na eða -a?

1. Altækar reglur um **-na** og **-a** í eignarfalli fleirtölu af veikum kvenkynsnafnorðum er fáar:
 - A. Orð af stofngerðunum **Va**, ***na** og ***va** fá **-a**
 - B. Orð af stofngerðunum **Vkma** og **Vmma** fá **-a**. Annars verða til klasar sem tæplega finnast í málinu, **-kmn-** og **-mmn-**.
2. Meta þarf hvert einasta orð, a.m.k. hvert ósamsett orð.
3. Algeng orð virðast hafa meiri tilhneigingu til að fá **-na**.
4. Dæmaskortur bendir til þess að fólk veigri sér við að nota eignarfall fleirtölu af veikum kvenkynsnafnorðum. Þetta gerir flokkunina mjög erfiða og þess vegna er ástæða til að hún sé í stöðugri endurskoðun.



Eignarfall fleirtölu, kvk.vb.: -na/-a

Ótækir bakstöðuklasar og **-na**:

-kma: drakma

Klasinn **-kmn-** kemur hvergi fyrir í ósamsettum orðum í BÍN.

-mma: amma, fimma, glomma, gomma, kardimomma, klemma, komma, lumma, mamma, rimma, skemma, slemma, slumma, stemma, summa, tomma, tromma

Klasinn **-mmn-** kemur fyrir í BÍN í orðinu **stemmning** en ekki annars staðar í ósamsettu orði.

-na hefur sést í öllum þessum orðum ...

Stofnun Árna Magnússonar
í íslenskum fræðum



Kristján Árnason. 1980. *Íslensk málfræði.*

Flokkun nafnorða í nútímaíslensku í beygingarflokka er meðal þeirra verkefna sem bíða málfræðinga framtíðarinnar. Nafnorðabeygingin er svo fjölbreytileg og svo mörg mismunandi beygingarmynstur, að ært getur óstöðugan.

(Seinni hluti, bls. 66-67)

Beygingarflokkar hafa ekki enn verið klappaðir í stein . . .

. . . en samt er stundum alhæft út frá málfræðibókunum . . .

Stofnun Árna Magnússonar
í íslenskum fræðum



Beygingarlýsing íslensks nútímamáls (BÍN) Ánægður notandi . . .

28 February 2009

Til að geta beygt eitt einasta íslenskt orð sem til er! (To be able to decline and conjugate every singla icelandic word that exists!)

I am so glad you stumbled upon this site. It is quite possibly the best thing that ever happened to me.

<http://icelandmission.blogspot.com>

Því miður er BÍN víst ekki alveg svona góð . . .

Stofnun Árna Magnússonar
í íslenskum fræðum



Takk fyrir!

<http://bin.arnastofnun.is>

kristinb@hi.is